



Útgefandi
Heimar hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogi

Umboðsmenn kröfuhafa
Íslög ehf.
Ránargötu 18
101 Reykjavík

11. mars 2025

Staðfesting á skýrslu um fjárhagslegar kvaðir samkvæmt sértæka tryggingafyrirkomulaginu

Vísað er til veðhafasamkomulags dags. 25. september 2018 og samnings við staðfestingaraðila dags. 25. september 2018 vegna HEIMAR250948. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafasamkomulaginu og samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagslegar kvaðir, dags. 17. febrúar 2025.

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagslegar kvaðir og upplýsingar sem skýrslan byggir á. Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

Þann 31. desember 2024 voru viðkomandi fjárhagslegar kvaðir eftirfarandi:

Fjárhagsleg kvöð	Skilyrði	Niðurstaða útreiknings	Skilyrði staðist	
Lánaþekja	Hlutfall skuldbindinga sem tryggðar eru með veðandlagi á móti bókfærðu virði eigna sem tilheyra veðandlaginu	Aldrei yfir 75%	68,7%	Já
Vaxtaþekja	Rekstrarhagnaður fasteigna í veðandlagi á móti reiknuðum vöxtum af lánum tryggðum með veðum í veðandlagi	Aldrei undir 1,5	2,7	Já
Eiginfjárhlutfall samstæðunnar	Heildar eigið fé útgefanda að viðbættum víkjandi lánum deilt með heildareignum útgefanda	Aldrei undir 25%	31,8%	Já

Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhagslegum kvöðum samræmist mati útgefanda.

Reykjavík, 11. mars 2025

Fyrir hönd staðfestingaraðila,

Örn Valdimarsson
orn.valdimarsson@pwc.com

Undirritunarsíða

Örn Valdimarsson